

# Skólaráð

13. október 2022

Mættir: Sigrún Erla Ólafsdóttir deildarstjóri, Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri, Elísabet Stefánsdóttir grenndarfulltrúi, Daðey Arnborg Sigþórsdóttir kennari í Digranesi, Malla Rós Valgerðardóttir námsráðgjafi Hjalla, Embla Ísól Ívarsdóttir nemandi í 9.bekk, Tómas Eggertsson nemandi í 10.bekk, Sigríður Hrund Guðmundsdóttir foreldrafulltrúi, Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir foreldrafulltrúi.

Fjarverandi: Ágústa M. Jónsdóttir ritari

1. Farið yfir handbók um skólaráð, reglugerðir og hlutverk skólaráðs. Allir hvattir til að lesa handbókina mjög vel
2. Starfsáætlun skólaráðs 2022-2023. Farið yfir starfsáætlun, fundarplan og dagskrár.
3. Skólabyrjun.
  - a. Mönnun. Verið erfitt að manna stuðningsfulltrúa stöður og frístund. Höfum verið undirmönnuð í allan vetur. Vantar enn einn forfallakennara.
  - b. Framkvæmdir
    - i. Framkvæmdir í sumar voru heilmiklar, skipt um þakið og gólfefni á unglingsgættum.
    - ii. Á að fara í að taka klósettin og setja epoxy á gólfið og upphengd klósett. Loka á klósettbásunum til þess að nemendur fái meira næði.
    - iii. Álma 5 er tilbúin. Skipt um öll gólfefni og þak.
    - iv. Næsta sumar á að taka þakið og gólfefnið af álmu 4.
    - v. Búið að taka út húsnæðið að öðru leyti varðandi myglu - fannst ekki mygla en ástæða til að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir og laga leka.
    - vi. Digranes var klætt að utan í sumar, lekir gluggar lagaðir. Á eftir að skipta út gólfefnum á kaffistofu starfsmanna. Á áætlun halda áfram að skipta um gólfefni og þak í áföngum.
4. Starfsáætlun skólaráðs
  - a. Farið yfir starfsáætlun skólaráðs.
  - b. Rætt um kirkjuferðir um jólin. Tekin ákvörðun um að þar sem yfirgnæfandi meirihluti hefur farið í kirkjuna og foreldrar barna sem ekki fara ekki gert kröfu um að kirkjuferðum verði hætt, verði áfram boðið upp á kirkjuferðir og þeir sem ekki vilja fara verður boðið upp á annarsskonar samverustund á meðan. Nemendur ræða að þetta sé alltaf það sama, ekki mjög skemmtilegt. Ákveðið að vera í sambandi við kirkjuna og hvetja þau til að brjóta þessa stund aðeins meira og betur upp.
  - c. Rætt samstarf heimilis og skóla. Hnykkja kaflanum um heimsóknir foreldra í skólastofur. Skólinn sendir þetta út í vikupósti.
  - d. Samstarf við leikskóla. Getur verið ókostur því stundum koma til okkar börn úr öðrum leikskólum og börnin úr leikskólunum koma stundum ekki til okkar. Væri gott ef það væri meiri sveigjanleiki upp á vorskólann, bjóða öllum komandi nemendum, ekki bara samstarfsleikskólunum. Umræðan verður tekin aftur í vor.
  - e. Skrifað undir starfsáætlun.

5. Önnur mál. Rætt um lesfimi, eðlilegt að það sé dýfa í orðafjölda nemenda í september ár hvert eftir þjálfunarleysi yfir sumartímann auk þess sem þau fara í þyngra próf á haustin.